

Nr. 19.
2.
nóvbr.

L ö g ,

um

breytingu á gjöldum þeim, er hvíla á jafnaðarsjóðunum.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Kostnaðinn til viðhalds fangahúsa þeirra, sem þegar eru byggð, eða byggð kunna að verða hjer eptir, og sem greiða ber úr jafnaðarsjóðum amtanna og bæjarsjóði Reykjavíkur eptir tilsk. 4. marz 1871 um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, skal eptirleidis greiða úr landssjóði.

2. grein.

Kostnaður til sakamála og lögreglumála skal að því leyti, sem hann ber að greiða úr opinberum sjóði, greiðast hjer eptir úr landssjóði.

3. grein.

Sá kostnaður, sem leiðir af embættisskoðunarferðum landshöfðingja, biskups og landlæknis, skal og greiðast úr landssjóði.

4. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1878, og eru þá afnumdar allar eldri laga ákvarðanir um greiðslu gjalda þessara, sem koma í bága við lög þessi.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

Gefð á Amaliuborg, 2. dag nóvbrm. 1877.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L S.)

J. Nellemann.

Lov

om

Nr. 19.
2den
Novbr.

Forandring med Hensyn til de Udgifter, der paahvile Repartitionsfondene.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Omkostningerne til Vedligeholdelse af de Fængsler, som allerede ere opførte eller herefter maatte blive opførte, og som ifølge Forordning af 4de Marts 1871 om Opførelsen af en Strafanstalt samt af Fængsler i Island paahvile Amternes Repartitionsfonds og Reykjaviks Ræmmerkasse, blive for Fremtiden at udrede af Landskassen.

§ 2.

Omkostningerne ved kriminelle Sagers og Politifagers Udførelse skulle, for saa vidt de bør afholdes af det Offentlige, herefter udredes af Landskassen.

§ 3.

De af Landshövdingens, Biskoppens og Landfysikus' Embedsinspektionsreiser flydende Omkostninger skulle ligeledes afholdes af Landskassen.

§ 4.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1878, og fra samme Tid ophæves samtlige ældre Lovbestemmelser angaaende Afholdelsen af de omhandlede Udgifter, for saa vidt de komme i Strid med nærværende Lov.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 2den November 1877.

Under Vort Kongelige Saand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.